

Náttúrufræðistofa Kópavogs

Brynja Sveinsdóttir

Forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs &
Gerðarsafns – Listasafns Kópavogs





Náttúrufræðistofa Kópavogs

Náttúrufræðistofa Kópavogs gegnir veigamiklu hlutverki að stuðla að sýningu, varðveislu og söfnun náttúruminja og standa að fræðslu og miðlun á umhverfismálum og náttúruvísindum.

Í endurmótaðri starfsemi Náttúrufræðistofu er lögð áhersla á að styrkja stöðu safnsins sem viðurkennt safn á sviði náttúruvísinda, að efla miðlunarhlutverk safnsins og styrkja samspil innra og ytra safnastarfs.

Unnið verður að því að styrkja Náttúrufræðistofu sem vettvang til að kynnast náttúru landsins í gegnum grunnsýningu, fræðslu, viðburði og miðlun með það að marki að stuðla að auknu náttúrulæsi.

Á safninu verður unnið í auknum mæli að kanna snertifleti náttúruvísinda við skapandi greinar og verður nálgun ólíkra fræðasviða að náttúruvísindum leið að nýrri sýn og skilningi á umhverfi okkar.



Fagleg umgjörð safnastarfs

Sérfræðingar á sviði náttúruvísinda hafa verið ráðnir til að vinna að innra og ytra starfi safnsins. Sævar Helgi Bragason, jarð- og stjörnufræðingur, í starfi sérfræðings; Hulda Margrét Birkisdóttir, líffræðingur í starfi verkefnastjóra fræðslu og viðburða; Júlía Kristín Kristinsdóttir, jarðeðlisfræðinemi, í móttöku og skráningu safngripa.

Með samrekstri Náttúrufræðistofu og Gerðarsafns verður til grunneining sérfræðinga á ólíkum sviðum sem styðja við safnastarf beggja stofnana. Starfsmenn með sérfræðipekkingu í náttúruvísindum starfar því með og hlýtur stuðning frá starfsteymi með sérfræðipekkingu á gerð sýninga, fræðslu, viðburða, skráningu, umsjón safneignar, rekstri safnbúðar og kynningarmálum.

Ráðgjafanefnd Náttúrufræðistofu hefur verið stofnuð til að tryggja faglegt starf á sviði náttúruvísinda. Ráðið skipa Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, líffræðingur hjá Umhverfisstofnun, og Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðing hjá Náttúruminjasafni Íslands.



Innra starf I Skráning, varðveisla og rannsóknir

Stór verkefni liggja fyrir í umsjón safneignar Náttúrufræðistofu, sem telur ríflega 6000 náttúruminjar. Þörf er á ítarlegri yfirferð yfir upplýsingar um muni í safneign. Ekki er til heildarskráning yfir safngripi og eru margir gripanna óskráðir.

Fyrsta skref í yfirferð safneignarinnar verður unnið á næstu mánuðum með tilstuðlan 3.000.000 styrk frá Safnasjóði. Styrkurinn gerir safninu kleift að fá forvörð til ástandsskoðunar, hreinsunar og ráðgjafar við uppsetningu muna í nýrri grunnsýningu og frágangi í varðveislurými.

Skýr og gagnleg skráning á safneigninni og faglegur frágangur í varðveislurými er grunnforsenda fyrir rannsóknum á safneigninni. Megináhersla í rannsóknum fyrstu árin verða því tegundagreiningar og upplýsingaöflun um náttúruminjarnar, svo sem upprunastaðir safngripa.

Skráningarvinnan verður unnin af sérfræðingum Náttúrufræðistofu og verkefnastjóra safneigna, Cecilie Gaihede, sem býr yfir gríðarlegri sérþekkingu á skráningu safngripa.




Ytra starf I Ný grunnsýning

Unnið er að gerð nýrrar grunnsýningar Náttúrufræðistofu sem er mótuð af náttúrufræðingum safnsins, forstöðumanni og verkefnastjóra safneigna í samstarfi við sýningarhönnuði. Í endurhönnun sýningarinnar verður fjölbreytileiki náttúrunnar sýndur með umfjöllun um þróun lífríkisins, samlífi ólíkra lífvera og töfra náttúrunnar – allt frá smæstu frumum út í himingeiminn.

Sýningin mun styðja við gagnvirkni og þátttöku gesta sem geta dregið út skúffur til að skoða smærri muni úr safneign Náttúrufræðistofu. Framsetningin býður upp á að meira magn af safneigninni verði aðgengileg almenningi og gefur færi á að börn og fullorðnir geti lagst í eigin könnun á náttúrunni.

Sýningin verður vettvangur fræðslu um náttúruna þar sem tekið verður á móti börnum, fjölskyldum og skólahópum til að fræða á lifandi hátt um líffræði, jarðfræði, efnafræði, eðlisfræði og stjörnufræði. Í sýningunni verða tilraunarymi og stöðvar þar sem gestir geta kynnst náttúrunni með eigin rannsóknum.



Fjölnota
vinnustofurými

Skrifstofa

Barnadeild
bókasafn

Sjálfatæðisluð
bókasafn

Inngangur

Náttúrusýning Kóp
Drög að uppsetningu
Hönnuðir:
Brynhildur Pálsdóttir
Theresa Himmer

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026



Ytra starf I Fræðsla og miðlun

Fræðsla og miðlun verður kjarni í starfsemi safnsins þar sem unnið verður að því að auka náttúrulæsi barna og styðja við uppgötvun þeirra á náttúrunni.

Náttúrufræðingar safnsins hafa nú þegar aukið sýnileika safnsins með umfjöllun um safneignina á samfélagsmiðlum og hafa lagt drög að fræðsluerindum fyrir fullorðna gesti og fræðsludagskrá fyrir börn og skólahópa.

Sævar og Hulda vinna fræðsludagskrá safnsins í nánú samstarfi við verkefnastjóra fræðslu í Gerðarsafni, Þorgerði Þórhallsdóttur, þar sem unnið er að mótun fræðsludagskrár sem byggir á könnun á náttúru í gegnum sköpun og skapandi nálgun sem hvetur til túlkunar og eigin rannsókna.

Fræðsluteymi Náttúrufræðistofu og Gerðarsafns vinnur nú að þverfaglegu fræðsluverkefni „Náttúran í gegnum linsu myndlistar“ þar sem unnið er að því að styrkja náttúru- og menningarläsi barna með listasmiðjum, tilraunastofum og vettvangsferðum undir handleiðslu listgreinakennara og vísindamanna.